

27. mars 2006

Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit (556. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 8. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Öflugt fjármálaeftirlit er einn af hornsteinum öflugs fjármálamarkaðar. Jafnframt er ljóst að til að geta rækt skyldur sínar þurfa starfsheimildir eftirlitsins að vera nægilegar, en þó ekki ganga lengra en þörf krefur. SBV eru þannig eðlilega opin fyrir breytingum á þeim mikilvægu lögum sem frumvarpið snýr að, enda fjármálamarkaðurinn síkvikur og kallar þannig á örari lagabreytingar en mörg önnur svið. Auknar valdheimildir eru hins vegar vandmeðfarnar og þarf að skoða allar hliðar máls vel áður en ráðist er í slíkar breytingar.

SBV komu ekki að vinnu við umrætt frumvarp á fyrri stigum, en almennt leita stjórnvöld álits hagsmunasamtaka á mikilvægum lagabreytingum áður en mál eru lögð formlega fyrir Alþingi. Betur sjá augu en auga, þannig að iðulega leiða þau vinnubrögð til betri útkomu. Í þessu samhengi má nefna að fjármálamarkaðurinn átti sína fulltrúa í þeim nefndum sem sömdu upphafleg frumvörp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga um fjármálafyrirtæki. Þá voru þær breytingar sem gerðar voru á lögum um opinbert eftirlit á árinu 2000 bornar undir fjármálamarkaðinn áður en málið var lagt fyrir Alþingi.

Í ljósi þessa ætti ekki að koma á óvart að SBV hafa all nokkrar athugasemdir við þær breytingar sem umrætt frumvarp mælir fyrir um. SBV telja einnig brýnt að gerðar verði breytingar til mótvægis sem skilgreina betur en verið hefur skyldur Fjármálaeftirlitsins, þá sérstaklega hvað varðar tímafresti.

Hér fylgja athugasemdir SBV við frumvarpið:

Við I. kafla (brt. á l. nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi)

3. gr. (9. gr. laganna)

Gert er ráð fyrir að 3. mgr. gildandi laga verði að 2. mgr. Ákvæðið er því óbreytt frá gildandi lögum. SBV telja hins vegar fulla ástæðu til að skoða þetta ákvæði nánar í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á starfsemi FME frá setningu laganna. Í ákvæðinu er eftirlitinu veitt heimild til að skipa utanaðkomandi sérfræðing til að gera athugun á hinum eftirlitsskylda aðila og opnar ákvæðið á mjög víðtækar heimildir fyrir slíkan sérfræðing. Hann má jafnvel sitja stjórnarfundi og taka þar til máls. Óeðlilegt er að lög geymi heimildir til svo viðurhlutamikils inngríps í starfsemi fyrirtækja án nokkurra leiðbeininga um við hvaða aðstæður eftirlitinu er heimilt að grípa til slíkra úrræða. SBV leggja til að ákvæðinu verði breytt á þá leið að sérfræðingi sé einungis heimilt að sitja stjórnarfundi við þær aðstæður að athugun hans hafi leitt í ljós að eftirlitsskyldur aðili hafi ekki fylgt lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans eða ef telja má að rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis brjóti í bága við eðlilega viðskiptahætti. Er þannig lagt til að sambærileg skilyrði gildi um heimild sérfræðings til að sitja stjórnarfundi og gilda um heimild FME til að boða til stjórnarfundar og fjalla um einstök mál, sbr. 10. gr. gildandi laga. Ekki fæst með nokkru móti séð hvers konar aðrar aðstæður geti réttlætt að sérfræðingur af þessum toga sitji

stjórnarfundu fjármálafyrirtækja með málfrelsi, sérstaklega í ljósi þess að honum er veittur aðgangur að öllum gögnum viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Þá gerir ný 3. mgr. 9. gr. laganna ráð fyrir að einstaklingar og lögaðilar séu skyldir til að veita FME allar upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegt, óháð því hvort þær varða þann aðila sem beiðni er beint til eða skipti annarra aðila við hann. Þarna er klárlega verið að teygja sig mjög langt í auknum valdheimildum eftirlitsins. Ljóst er að það getur verið mjög viðurhlutamikið fyrir eftirlitsskyldan aðila að veita FME óheftan aðgang að upplýsingum um einstaka viðskiptamenn. SBV telja mikilvægt að ef slíkt ákvæði á að vera í lögum sé tekið fram að ef krafa FME beinist að upplýsingum sem varða viðskiptamenn fjármálafyrirtækja séu þeir a.m.k. látnir vita af upplýsingabeiðninni fyrirfram. Þannig er viðskiptamönnum gefið færi á að gæta réttar síns, t.d. með því að krefjast dómsúrskurðar um beiðnina. Slíkt á almennt ekki að hafa áhrif á rannsóknarhagsmunum þar sem upplýsingarnar liggja þegar fyrir hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Ef svo ber undir, þ.e. að rannsóknarhagsmunir í einstökum málum standi í vegi fyrir því að viðskiptamaður sé látinn vita, verði FME að fá dómsúrskurð fyrir slíkri beiðni. Jafnframt benda SBV á að jafn víðtæk heimild til gagnaöflunar hjá eftirlitsskyldum aðilum sem og öðrum aðilum eigi frekar heima í sérstöku ákvæði í lögnum heldur en sem 3. mgr. í ákvæði sem fjallar aðallega um athuganir FME hjá eftirlitsskyldum aðilum. Að mati SBV orkar einnig tvímælis hversu víðtæka heimild til upplýsingaöflunar er að finna í frumvarpinu. Þannig tekur ákvæðið ekki aðeins til upplýsinga um þann aðila sem beiðni nær til heldur einnig til annarra viðskiptamanna sem hafa átt viðskipti við þann aðila. Samkvæmt framangreindu ákvæði kann hagsmunum annarra viðskiptamanna, en beiðnin um upplýsingar varðar, að vera vikið til hliðar og með sama hætti fer þagnarskylda lögmanna fyrir lítið. Má loks benda á að í athugasemdum við þessa málsgrein frumvarpsins er hvergi vísað til þess að jafn víðtæk heimild sé í erlendum rétti. Telja SBV nauðsynlegt að skoða hvort slíka heimild sé að finna í löggjöf nágrannalanda okkar áður en svo víðtæk heimild er lögfest sé.

Við 4. gr. (10. gr. laganna)

SBV telja mjög óeðlilegt að veita FME heimild í lögum til að víkja stjórnarmanni einhliða úr stjórn félags, telji það hann ekki uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki. Að mati SBV veitir núgildandi löggjöf fullnægjandi vernd með því að FME er í stöðu við slíkar aðstæður til að afturkalla starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis vilji viðkomandi stjórnarmaður ekki láta af störfum. Telja má ljóst að ef fjármálafyrirtæki stendur frammi fyrir því að FME hefur komist að niðurstöðu um að tiltekinn stjórnarmaður teljist vera vanhæfur mun stjórn viðkomandi fyrirtækis krefjast þess að viðkomandi aðili segi sig úr stjórn viðkomandi fyrirtækis – ýmist alfarið eða tímabundið ef ákvörðun FME hefur verið skotið til úrskurðarnefndar. Telja verður yfirgnæfandi líkur á því að slíkur aðili segi sig úr stjórn viðkomandi fyrirtækis við slíkar aðstæður. Ef svo ólíklega fer hins vegar að það gerist ekki getur stjórn boðað til hluthafafundar og falið hluthafafundi að víkja viðkomandi stjórnarmanni frá störfum. SBV fá ekki séð hvernig það fyrirkomulag sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir geti með nokkru móti skaðað hinn eftirlitsskylda aðila og viðskiptavini hans. Þvert á móti er það eðlilegasta leiðin til að víkja stjórnarmanni frá störfum. Ekki er vitað til þess að núgildandi fyrirkomulag hafi nokkurn tíman valdið vandræðum.

SBV vekja sérstaka athygli á því að hæfisskilyrði stjórnarmanna fjármálafyrirtækja eru bæði hlutlæg og huglæg. Hlutlæg skilyrði er að finna í 1. mgr. 52. gr laga nr. 161/2002 en huglæg í 2. mgr. 52. gr. sömu laga. Þau skilyrði sem eru huglæg byggja á mati FME á því hvort viðkomandi stjórnarmaður búi yfir nægilegri þekkingu og/eða reynslu til að geta setið sem stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki. Einnig er það huglægt mat hvort stjórnarmaður hafi sýnt af sér háttsemi sem gefi tilefni til að ætla að viðkomandi aðili geti skaðað fyrirtækið. Mjög ólíklegt er að ágreiningur geti komið upp um það hvort stjórnarmaður uppfylli hlutlæg skilyrði 1. mgr. 52. gr. laganna þar sem þau fela ekki í sér neitt huglægt mat. Á hinn bóginn verður að telja líklegt að upp geti komið ágreiningur um ákvörðun FME sem byggir á huglægu mati samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laganna því engar leiðbeiningar eru til um það hvernig slíkt mat fer fram. Ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum gæti FME þannig einhliða ákveðið að víkja stjórnarmanni úr stjórn félags á þeim grundvelli að það teldi hann ekki búa yfir nægilega mikilli reynslu eða þekkingu til að sitja sem stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fella kærueheimild núgildandi laga alfarið niður sem mundi þá jafnframt hafa í för með sér að viðkomandi stjórnarmaður yrði að höfða dómsmál sem getur tekið allt að 2-3 ár að ljúka til að freista þess að hnekkja þessu mati FME. Fyrirkomulag af þessum toga fær ekki staðist að mati SBV. Það verður að gæta meðalhófs við lagasetningu af þessum toga þar sem hún felur í sér mjög íþyngjandi úrræði sem snerta bæði hagsmunum viðkomandi stjórnarmanns og þess fyrirtækis sem hann

situr í stjórn hjá. Eins og fyrr segir veitir núgílandi löggjöf fullnægjandi úrræði til að koma stjórnarmönnum sem teljast ekki hæfir til setu í stjórnnum fjármálafyrirtækja úr stjórn. Af þeim sökum leggjast SBV gegn þessu ákvæði. Að mati SBV varpar það dæmi sem var tekið hér að ofan um hugsanlega ákvörðun FME ágætis ljósi á mikilvægi þess að unnt sé að kæra ákvarðanir FME til úrskurðarnefndar. Það kristallar mikilvægi skjótrar úrlausnar í slíkum tilvikum sem og mikilvægi þess að þeir aðilar sem ákvörðun FME beinist að hverju sinni eigi kost á „raunhæfu úrræði“ til að fá ákvörðunina endurskoðaða, því dómstólaleiðin er oft ekki raunhæfur kostur vegna ýmissa annmarka sem nánar eru reifaðir annars staðar í umsögn SBV.

Við 5. gr. (11. gr. laganna)

Í stað þess að dagsektarheimild FME nái aðeins til eftirlitsskyldra aðila gerir frumvarpið ráð fyrir að slík heimild gildi gagnvart öllum þeim sem skylt er að veita FME upplýsingar og sinna kröfum um úrbætur. SBV gera ekki athugasemdir við það. Hins vegar eru viðmiðunarfjárhæðir dagsekta áfram miðaðar við stærðir í rekstri eftirlitsskylds aðila, sbr. 4. másl. 1. efnismgr. (sjá einnig 3. efnismgr. til samræmis). SBV gera tvær athugasemdir við þetta. Annars vegar verður að telja óeðlilegt að hafa viðmið sem getur það gefið ranga mynd af því atviki sem er grundvöllur þess að dagsektirnar eru lagðar á. Sambærileg atvik fá þá mismunandi meðferð eftir stærð þess fyrirtækis sem um ræðir sem aftur leiðir til þess að, ef upplýsingar um dagsektirnar væru opinberar, að þau atvik sem varða stærri fyrirtæki yrðu talin alvarlegri. Hins vegar telja SBV óeðlilegt að þetta viðmið varðandi fjárhæð dagsekta takmarkist við eftirlitsskylda aðila. Telja verður að fjárhæð dagsekta eigi að meginstefnu til að miðast við eðli þess brots sem um ræðir. Varðandi fjármálafyrirtæki er því þannig háttáð að fjárhæð dagsekta er ekki sá þáttur sem hefur mest íþyngjandi áhrif í rekstri heldur sú staðreynd að dagsektir hafa verið lagðar á fyrirtækið.

Þá virðist 2. efnismgr. ganga út frá því að málsaðilar í slíkum málum geti fengið flýtimeðferð. Raunveruleikinn er sá að algengt er að dómstólar neiti aðilum um slíka meðferð þótt sótt sé um. SBV telja annars vegar að sá málshöfðunarfrestur sem lagður er til sé of skammur. Hins vegar telja SBV að nægilegt ætti að vera að málshöfðun frestaði innheimtu dagsekta óháð því hvort sótt er um flýtimeðferð og að dagsektir falli ekki til á meðan á málsmeðferð stendur. Að öðrum kosti er í raun verið að letja málsaðila til að sækja rétt sinn. Eðlilegt væri þó að málshefjanda, ef hann tapaði slíku máli, væri gert að greiða vexti af þeirri fjárhæð sem deilt er um vegna þess tíma sem málið tók.

Við 7. gr. (13. gr. laganna)

Í stað orðanna „ekki auðkenndir“ í niðurlagi síðari málsgreinar komi: ópersónugreinanlegir. Breytingin er til samræmis við hugtakanotkun í lögum um persónuvernd og sambærilegum lögum.

Við 8. gr. (14. gr. laganna)

Svipað og í 3. gr. frumvarpsins er verið að víkka mjög út heimildir FME í ákvæðinu, með því að opna á upplýsingaöflun frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu. Brýnt er að ákvæðinu verði breytt þannig að eftirlitinu beri að sýna fram á ríka hagsmuni sem að baki slíkri beiðni liggur, t.d. fyrir dómi, enda sé hún takmörkuð við tiltekin mál. Þá skal hér einnig vísað til þess rökstuðnings sem fram kemur í umsögn um 3. gr., þ.e. mikilvægi þess að ef slíkt ákvæði á að vera í lögum sé tekið fram að ef krafa FME beinist að upplýsingum sem varða viðskiptamenn fjármálafyrirtækja séu þeir a.m.k. láttnir vita og þannig gefið færi á að gæta réttar síns. Slíkt á almennt ekki að hafa áhrif á rannsóknarhagsmuni. Ef svo ber undir, þ.e. að rannsóknarhagsmunir í einstökum málum standi í vegi fyrir því að viðskiptamaður sé látinn vita, verði FME að fá dómsúrskurð fyrir slíkri beiðni.

Þá vilja SBV benda á að framangreind heimild tekur ekki eingöngu til upplýsingaöflunar um eftirlitsskylda aðila heldur alla aðila er tengjast athugun tiltekinna mála. Þannig gæti FME haft undir höndum upplýsingar um aðila frá öðrum stjórnvöldum, s.s. samkeppnis- og skattyfirvöldum, sem tengjast ekki því máli sem er til rannsóknar. Því er rétt að gera þá kröfu að heimild til upplýsingaöflunar og þær upplýsingar sem veittar séu takmarkist við það mál og þann aðila sem sé til rannsóknar hverju sinni. Þannig sé tryggt að heimild FME taki aðeins til upplýsinga sem varði það tiltekna mál sem sé til athugunar.

Við 9. gr. (18. gr. laganna)

Ákvæðið ráðgerir að fella brott kærunefnd, en þess í stað verði heimilt að skjóta ákvörðun FME til dómstóla. SBV telja að þarna sé um mjög slæma breytingu að ræða. Horfa þarf til tilurðar ákvæðis um kærunefnd. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 87/1998, sagði um þessa grein:

Til að tryggja faglegt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gagnvart viðskiptaráðherra er lagt til að sett verði á stofn sérstök kærunefnd sem taki við og úrskurði í kærnum vegna ákvarðana stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að skjóta megi ákvörðunum stofnunarinnar til æðra stjórnvalds, en slík kærueimild er ekki talin vera fyrir hendi vegna ákvarðana bankaeftirlitsins. Í álitinu frá 2. október 1996 í svokölluðu Softismáli lét umboðsmaður Alþingis í ljós þá skoðun að eðlilegt sé að tryggja kærusamband milli bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis, bæði á vettvangi hins eiginlega bankaeftirlits og annarra verkefna sem bankaeftirlitinu eru falin lögum samkvæmt. Hér er höfð hliðsjón af þessu álitinu. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Ekkert hefur breyst síðan þetta ákvæði var sett í lög, nema að valdheimildir FME hafa verið auknar með lögum nr. 11/2000. Í ljósi þeirra miklu valdheimilda sem FME hefur hlýtur að vera ekki bara eðlilegt heldur bráðnaðsynlegt að hægt sé að leita til æðra stjórnvalds í þeim tilvikum þegar aðilum þykir eftirlitið hafa farið út fyrir valdheimildir sínar og/eða komist að rangri niðurstöðu í einstöku máli.

Skilja verður milli viðhorfs til slíkra nefnda þegar um endurskoðun ákvarðana opinberra eftirlitsaðila er að ræða annars vegar og annarra stjórnvalda hins vegar. Kærunefndir gegna sérstaklega mikilvægu hlutverki í fyrrnefndu tilvikunum. Tilvist slíkrar nefndar ein og sér er þannig til þess fallin að veita FME ákvæðið aðhald í störfum sínum. Í því sambandi má horfa til þess að fjármálafyrirtæki kæra aðeins mál ef um grundvallarágreiningu eða mjög mikilvæg álitamál er að ræða. Þá hefur slík nefnd þann kost að í hana eiga að veljast aðilar með sérfræðipækkingu á fjármálamarkaði, að hún er ekki umsetin miklum málafjölda og á því að geta unnið hratt og að trúnaður gagnvart málsaðilum á að vera tryggður. Dómstóll býr hvorki yfir sömu sérþekkingu né hefur tök á að vinna jafn hratt. Málum sem koma til umfjöllunar dómstóla er líka almennt hættara við að lenda í opinberri umfjöllun og reynslan hefur sýnt að mál sem fjármálafyrirtæki höfðu hjá dómstólum rata nánast undantekningalaust í fjölmiðla. Horfa ber til þess að þau mál sem koma til umfjöllunar kærunefndarinnar eru oftast en ekki mál sem varða mikla hagsmuni og mjög skaðlegt væri ef þau færu í almenna umfjöllun, a.m.k. meðan þau eru til meðferðar. Hér má taka lýsandi dæmi með vísun til 4. gr. frumvarpsins, en ákvarðanir FME á grundvelli þess ákvæðis verða vissulega mjög viðurhlutamiklar og byggjast stundum á huglægu mati. Ljóst er að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar sem slík ákvörðun tæki til mundu tæpast fara með það mál sitt fyrir dómstóla, sökum opinberrar umfjöllunar um persónuleg málefni þeirra sem því mundi fylgja og gríðarlegra óþæginda af því. Kærunefndin er hins vegar mikilvægur öryggisventill fyrir þessa aðila þar sem þeir geta leitað réttar síns ef þeir telja mat FME ekki rétt.

Af almennum athugasemdum með frumvarpinu verður einnig ráðið að tilteknir úrskurðir kærunefndar hafi skapað lagalega óvissu á ákveðnum sviðum og þannig gert eftirlitinu erfiðara um vik að sinna störfum sínum. SBV telja afar mikilvægt að ekki sé hlaupið til og kastað fyrir róða þeim öryggisventli sem kærunefndin er af þeirri ástæðu einni að tilteknir úrskurðir hafi ekki verið í samræmi við sjónarmið eða afstöðu FME. Þvert á móti hlýtur að vera eðlilegt að nefndin geti komist að þeirri niðurstöðu að eftirlitið hafi farið fram úr starfsheimildum sínum. Í sumum tilvikum má einmitt ætla að úrskurðir hennar gefi tilefni til lagabreytinga, þ.e. ef ljóst þykir að heimildir sem FME var ætlað að hafa reynast ekki hafa nægilega lagastoð.

SBV vekja athygli á að slík kærunefnd þekkest í Danmörku og í Noregi er heimilt að skjóta ákvörðunum FME til ráðherra. Þetta eru þau lönd sem við berum okkur gjarnan saman við þegar kemur að mótun laga og reglna og ekki er vitað annað en þarlend kerfi hafi gefist vel. Sjónarmið um réttaröryggi voru rík þegar kærunefndin í Danmörku var stofnsett árið 1987. Í athugasemdum við frumvarp til setningar laganna sagði m.a. um 7. gr., sem kvað á um setningu reglugerðar:

Det vil være af væsentlig betydning, at der fastsættes sådanne regler for nævnets virksomhed, der sikrer en effektiv, hurtig og betryggende sagsbehandling, dog med skyldig hensyntagen til væsentlige fundamentale retssikkerhedsmæssige principper.

Þessi rök eiga tvímælalaust við um kærunefnd skv. 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þar sem FME skipar veigamikið hlutverk á fjármálamarkaðinum og á í töluverðum samskiptum við fjármálafyrirtæki frá degi til dags, má telja óeðlilegt að sú stofnun sé einnig lokastig innan stjórnsýslunnar þegar teknar eru ákvarðanir um réttindi fjármálafyrirtækja. Það er heldur ekki fallið til

að auka traust á FME. Bent skal á að í frumvarpi til hélendra samkeppnislaga var eftirfarandi rökstuðningur fyrir því að setja sérstaka áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Þar sem Samkeppnisstofnun tekur við og annast umfjöllun mála samhliða því að hún getur haft stefnumarkandi áhrif er nauðsynlegt til að tryggja sem réttlátasta meðferð mála að hægt að sé að áfrýja úrskurðum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til sérstakrar áfrýjunarnefndar Eins og fyrr greinir er málsmeðferð kærunefndarinnar almennt hraðari en má vænta af dómstólum. Óvissa um lengri tíma varðandi réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja getur vart talist heppileg. Miklir hagsmunir eru í húfi og er því mikilvægt að greiðlega gangi að leysa úr ágreiningi, ásamt því að ákvarðanir verði teknar fljótt og örugglega.

Það verður og að hafa í huga að eins og fyrr segir eru líkindi til þess að til kærunefndar berist helst þau mál sem mestur vafi er um réttmæti ákvarðana FME. Væntanlega lýkur meginhluta allra mála FME með því að eftirlitsskyldir aðilar eða aðrir sem lögvarinna hagsmuna hafa að gæta una niðurstöðu.

Ef stjórnvöld hafa miklar athugasemdir við störf nefndarinnar hlýtur að vera eðlilegra að spyrja hvort ástæða væri til að skjóta styrkari stoðum undir nefndina og starfsemi hennar. Í því sambandi má skoða hvort ástæða sé til að breyta einhverju hvað varðar skipun nefndarinnar, þ.e. tilnefningu eða skipunartíma. Þá er mikilvægt að tryggja festu og stöðugleika í störfum hennar. Meðal annars má nefna að í gildandi reglugerð, nr. 507/2000, er gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni alla þrjá aðal- og varamenn í nefndina. Færa má fyrir því gild rök að eðlilegra væri að Hæstiréttur tilnefndi einvörðungu formann og varamann hans, en ráðherra aðra. Stutt er síðan byrjað var að birta úrskurði nefndarinnar opinberlega (ónafngreint), sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 507/2000, en slíkt er einmitt mikilvægur þáttur í að nefndin geti hjálpað til við að móta réttarframkvæmd á þessu sviði.

Í ljósi alls ofangreinds ítreka SBV andstöðu sínar við þær breytingar á kæruleiðum vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins sem boðaðar eru með fyrirliggjandi frumvarpi

Við II. kafla (brt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki)

Við 11. gr. (40. gr. laganna)

Frumvarpið ráðgerir að nýtt 25% þrep bætist við þann stiga sem mælir hvenær aflu þarf samþykkis FME fyrir aukningu eignarhlutar. Vísad er til fordæmis í Noregi en ákvæði af þessum toga er ekki í Danmörku. Danir hafa ekki talið ástæðu til að breyta sambærilegu ákvæði í sinni löggjöf. Meginröksemdin sem færð er fram fyrir þessari breytingartillögu frumvarpsins er sú að eignarhald á milli 20 og 33% veiti mikil áhrif. Því til rökstuðnings er vísað til könnunar sem FME framkvæmdi hjá fjórum stærstu bönkunum um mætingu á hluthafafundum síðastliðin þrjú ár. Þar kemur fram að mæting á hluthafafundum hafi verið á bilinu 55-82% og að meðaltalið hafi verið 68,9% mæting.

Að mati SBV verður að fara varlega í að draga of víðtækar ályktanir af fyrrgreindri könnun FME þar sem það er staðreynd að þegar um hluthafafundi er að ræða þar sem ágreiningur ríkir milli hluthafa um kosningu í stjórn eða önnur mál sem upp eru borin er mæting ávallt í hærri kantinum, en það er fyrst þá sem það hefur efnislega þýðingu að velja þessu fyrir sér. Oftar en ekki ríkir enginn ágreiningur um kosningu stjórnar og þær ákvarðanir sem bornar eru upp á hluthafafundum og skýrir það oft litla mætingu á hluthafafundi. Hafa verður þetta í huga þegar þessar mætingartölur eru skoðaðar.

SBV sjá ekki rök fyrir þessari breytingartillögu í þeirri mynd sem hún er sett fram. SBV leggja til að 33% viðmiðunin í nógildandi lögum verði frekar færð niður í 30%. Nýtt þrep sem miðast við 25% er til þess fallið að hefta um of breytingar á eignarhaldi án þess að efnisleg rök réttlæti það.

Margfeldiskosning í 5 manna stjórn

Eftirfarandi tafla sýnir hversu mikið atvæðamagn stjórnarmaður þarf að hafa á bakvið sig við margfeldiskosningu í 5 manna stjórn. Eins og sjá má af töflunni þarf aðili sem býður sig fram til stjórnarsetu að hafa 13,67% atkvæða á hluthafafundi á bakvið sig miðað við 82% mætingu, 11,67% miðað við 70% mætingu, 11,48% miðað við 68,9% (meðaltal samkvæmt könnun FME) o.s.frv. Af töflunni sést að aðili sem vill ná meirihluta í stjórn þarf að hafa a.m.k. 30% heildaratkvæða til að ná meirihluta í stjórn miðað við aðeins 60% mætingu, en eins og fyrr segir má fullyrða að mæting sé ávallt mun meiri þegar samstaða ríkir ekki um kosningu í stjórn fjármálafyrirtækja. Þessi staðreynd rennir stoðum undir þá skoðun SBV að réttara sé að miða umrædd mörk við 30%:

Fimm manna stjórn		
Mæting (%)	Atkvæði pr. stjórnarmann (%)	Meirihluti (%) 3/5
82	13,67	41
70	11,67	35
68,9	11,48	34,45
65	10,83	32,5
60	10,00	30
55	9,17	27,5

Ákvarðanir sem krefjast einfalds meiri hluta

Eins og sjá má af töflunni hér að neðan er niðurstaðan sú sama þegar horft er til þess hversu mörg atkvæði aðili þarf að hafa á bakvið sig til að ná meirihluta á hluthafafundi og ná þannig að hafa áhrif á þær ákvarðanatökur sem krefjast einungis einfalds meirihluta á hluthafafundi. Eins og sjá má þarf aðili a.m.k. að hafa 30% atkvæða á bakvið sig til ná fram samþykki eða höfnun á tillögu miðað við einungis 60% mætingu á hluthafafundi. Rennir þetta stöðum undir þá skoðun SBV að miða beri við 30% sem næstu mörk á eftir 20%:

Mæting (%)	50,01%
82	41,08
70	35,07
68,9	34,52
65	32,57
60	30,06
55	27,56

Breyting á samþykktum sem krefjast 2/3 hluta atkvæða

Eins og sjá má af töflunni hér að neðan þarf aðili sem vill koma í veg fyrir breytingu á samþykktum fjármálafyrirtækis eða eftir atvikum ná fram breytingu á samþykktum sem krefst samþykkis 2/3 greiddra atkvæða og 2/3 atkvæða sem mætt er fyrir á viðkomandi hluthafafundi að hafa yfir að ráða a.m.k. 20% atkvæða miðað við 60% mætingu en tæp 23% miðað við 68,9% mætingu sem er meðaltalið samkvæmt könnun FME. Telja verður ljóst af þessu að sú viðmiðun nógildandi laga að krefjast umsóknar þegar aðili fer yfir 20% er fullnægjandi. Viðbótarþrep miðað við 25% breytir engu í þessu samhengi því jafnvel þótt mæting sé ríflega 70% þarf ekki nema 23,34% atkvæða til að koma í veg fyrir breytingu á samþykktum eða eftir atvikum ná fram slíkri breytingu. FME mun án efa í dag hafa þetta í huga þegar umsókn til að fara yfir 20% eignarhlut er metin:

Mæting (%)	33,34%
82	27,34
70	23,34
68,9	22,97
65	21,67
60	20,00
55	18,34

Samkvæmt ofangreindu er að mati SBV ljóst að rétt sé að færa nógildandi 33% mörk niður í 30%. Sú tillaga að búa til nýtt þrep miðað við 25% hefur enga efnislega þýðingu fyrir eftirlitshlutverk FME. Slík breyting hefur hins vegar í för með sér að breyting á eignarhaldi fjármálafyrirtækja verður heft um of án þess að efnisleg rök réttlæti slíka breytingu.

Við 12. gr. (ný grein, sem verði 40. gr. a)

Ákvæðið miðar að því að kveða skýrt á um það í lögum hvað teljist vera óbeinn hlutdeild (óbeinn virkur eignarhlutur) í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki. SBV geta skilið það sem að baki býr, en telja mikilvægt að vekja athygli þingnefndarinnar á því sem ekki greinir í athugasemdum frumvarpsins, þ.e. að um verulega útvíkkun er að ræða. Eins og frumvarpið greinir er slíkt ákvæði í lögum um verðbréfavíðskipti og gilda skýrar reglur að þessu leyti um skráð félög. Hingað til hefur ekki

þótt ástæða til að sambærilegt ákvæði gildi um óskráð félög og því er hvorki að finna slíkt ákvæði í lögum um hlutafélög né lögum um einkahlutafélög. Þannig er meiri hluti þeirra fyrirtækja sem falla undir lög um fjármálafyrirtæki ekki skráð og heyrir því ekki undir lögum um verðbréfavíðskipti. Má þar nefna sparissjóði, lífeyrissjóði og ýmis minni fjármálafyrirtæki. SBV treysta sér ekki á svo skömmum tíma til að gera úttekt á því hver raunveruleg áhrif breytingarinnar yrðu fyrir óskráð félög og aðra minni aðila (minni fyrirtæki) en telja nauðsynlegt að slíkt úttekt fari fram áður en framangreind breyting verður lögfest. Því vara SBV við því að ákvæðið verði lögfest að þessu sinni.

Í 3. tölul. 3. efnismgr. er hins vegar lagt til að um samstarf teljist vera að ræða sem jafnað verði við óbeina hlutdeild þegar aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Í skýringum er vísað til hugtaksins „participating interests“ í EB rétti, sem teljist sem 20% hér á landi. SBV geta ekki fundið dæmi um slíkt, nema þá í lögum um ársreikninga þar sem verið er að vísa til hlutdeildarfélaga. Eina réttmæta viðmiðunin hlýtur hins vegar að vera lögum um verðbréfavíðskipti og því mikilvægt að löggjafinn gæti samræmis við þau lög, þar sem viðmið er 1/3. Raunar kemur beinlínis fram í frumvarpinu að höfð hafi verið hliðsjón af ákvæði 37. gr. verðbréfavíðskiptalaga sem fjallar m.a. um hvernig yfirtökuskylda geti stofnast með samstarfi. Það skýtur því skökku við að höfð sé fyrirmynd af ákvæðinu en umræddu hlutfalli þó breytt úr 1/3 í 20%, ekki sist þegar haft er í huga að við setningu reglna um yfirtökuskylda var sérstaklega tekin afstaða til þessa atvæðis, en í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 31/2005 sagði: „Félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 1/3 hluta atkvæðisréttar í öðru félagi. Ekki var samstaða í nefndinni um það við hvaða hlutfall skyldi miða í þessu sambandi og hvort horfa ætti til Bretlands þar sem miðað er við 20% atkvæðavægi eða til Noregs og Svíþjóðar þar sem almennt er miðað við félög í sömu samstæðu.“ Að því er varðar Bretland, þar sem viðmiðunin er 20%, þá er rétt að hafa í huga að eignarhald á breskum hlutabréfamarkaði er mun dreifðara en á þeim íslenska.

Ljóst er að mati SBV að yfirráð yfir 20% atkvæðisvægis í félagi er almennt alls ekki til þess fallið að veita viðkomandi aðila nokkur ítök í félaginu. Sem dæmi má nefna að það þarf a.m.k. 25% atkvæðismagn til þess að koma að einum stjórnarmanni í 3 manna stjórn með margfeldiskosningu. Aðili sem fer aðeins með 20% atkvæðismagn er þannig í engri stöðu til að koma að stjórnarmanni og getur því ekki með nokkru móti haft áhrif á stjórn viðkomandi félags. Að mati SBV fæst því ekki staðist að leggja til grundvallar sem sönnunarreglu (öfug sönnunarbyrði) að aðili sem fer einungis með 20% eignarhlut í öðru félagi sé í samstarfi við viðkomandi félag. Sönnunarregla af þessu tagi er gríðarlega íþyngjandi og verður því að fara mjög varlega í reglusetningu af þessum toga. Ástæðan fyrir því að löggjafinn kaus að miða við 1/3 í verðbréfavíðskiptalögum hlýtur einmitt að hafa verið sú að ekki væri hægt að réttlæta lægri mörk miðað við þær aðstæður sem ríkja á Íslandi um eignarhald á félögum.

Við 14. gr. (107. gr. laganna)

Varðandi 2. efnismgr. ákvæðisins er vísað til athugasemda SBV við 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins.

Nýjar greinar við kaflann (Tímafrestir)

Víða í lögum um fjármálafyrirtæki eru ákvæði um hámarksfresti sem FME hefur til að taka stjórnsýsluákvæðanir í tilteknum málum. Á þetta m.a. við um fresti til veitingar starfsleyfis og synjunar á umsókn þar um; þjónustustarfsemi fjármálafyrirtækja og hliðarstarfsemi sem ekki telst til fjármálastarfsemi; starfsemi útibúa íslenskra fjármálafyrirtækja á EES; fjármálaþjónustu íslenskra fjármálafyrirtækja á EES án stofnunar útibús; starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja utan EES; og heimild til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Í grófum dráttum má skipta umræddum ákvörðunum um fresti í tvo flokka. Annars vegar þar sem FME er ætlað að taka ákvörðun „svo fljótt sem auðið er“ og hins vegar þar sem um ákveðin tímamörk er að ræða, oftast einn eða þrjú mánuði, eftir að „fullbúin umsókn barst“, frá „móttöku fullbúinnar umsóknar“, frá því „fullnægjandi tilkynning barst“, frá „móttöku fullnægjandi upplýsinga“, o.s.frv.

Það er reynsla fjármálafyrirtækja að FME hafi ekki umgengist framangreinda tímafresti með viðunandi hætti. Því miður hafi afgreiðsla einstakra mála oft tekið óeðlilega langan tíma til ama og jafnvel tjóns fyrir fjármálafyrirtækin og eigendur þeirra. Fjármálafyrirtæki gera sér grein fyrir því að oft er um flókin og vandasöm úrlausnarefni að ræða og að ekki má kasta til höndum. Hins vegar telja fjármálafyrirtækin hina rúmu tímafresti laganna endurspeglja þann veruleika. Þannig verði ekki á það fallist að eðli viðfangsefna FME geti réttlætt frekari fresti en lögum gera berum orðum ráð fyrir.

Vandinn hefur einkum lýst sér með tvennum hætti:

(i) *Ákvæði um úrlausn FME „svo fljótt sem auðið er“*. Að mati aðildarfyrirtækja SBV hefur mat FME á því hvað er auðið oft verið umdeilanlegt. Þannig hefur í samtölum starfsmanna fjármálafyrirtækja við starfsmenn FME vegna tiltekinna mála komið fram að ekki sé unnt að taka ákvörðun vegna anna við úrlausn annarra mála. Vart verður á það fallist svo rúm heimild til að draga afgreiðslu máls geti falist í orðunum „svo fljótt sem auðið er“. Stjórnvaldi ber að sjálfsögðu að leysa úr máli svo fljótt sem auðið er í ljósi eðlis hvers tiltekins máls og umfangs.

(ii) *Ákvæði um úrlausn FME innan tiltekins tíma frá því að „fullbúin umsókn barst“ og sambærileg ákvæði*. Að mati aðildarfyrirtækja SBV hefur framkvæmd FME á þessum ákvæðunum ekki verið í eðlilegu horfi. Iðulega hefur komið fyrir fjármálafyrirtæki eða eigendur þeirra hafa sent umsóknir eða tilkynningar samkvæmt lögnum og ekki vitað betur en að erindi þeirra væru til afgreiðslu. Rétt í þann mund sem hinn lögboðni frestur FME hefur verið að renna sitt skeið hefur komið fram krafa starfsmanna þess um frekari gögn eða upplýsingar. Þannig hefur FME framlengt frest sinn um þann tíma sem liðinn er frá því að umsókn eða tilkynning var lögð fram og þar til nýjum upplýsingum eða gögnum er skilað inn. Alls ekki er óalgengt að þetta ferli hafi endurtekið sig oftár en einu sinni og jafnvel oftár en tvisvar, þannig að t.a.m. niðurstaða sem átti að liggja fyrir innan þriggja mánaða frá umsókn eða tilkynningu sé enn ekki kominn þrátt fyrir að margfaldur sá tími sé liðinn. Þegar svo hefur staðið á sem að framan er lýst, hefur beiðni um viðbótargögn oflega verið annað hvort það umfangsmikil að hún ber með sér að ekki hefur verið byrjað að skoða viðkomandi mál fyrr en nokkrum dögum áður en hinn lögboðni frestur rann út eða svo léttvæg að ætla má að hún hafi aðeins verið sett fram til að vinna FME frekari tíma.

Hér á eftir fara tillögur til breytinga á þeim ákvæðum laganna sem varða slíka tímafresti, til að bæta úr þeim annmörkum sem að framan eru raktir og til að tryggja fjármálafyrirtækjum þann eðlilega málshraða hjá FME sem lögin sjálf gera ráð fyrir.

Við frumvarpið bætast eftirfarandi ákvæði.

Á undan 11. gr. (í II. kafla) bætist sjö nýjar greinar, svohljóðandi:

10. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna (Veiting starfsleyfis) orðast svo: Telji Fjármálaeftirlitið framkomna umsókn ekki fullnægjandi skal það tilkynna umsækjanda þá afstöðu innan tveggja vikna og tilgreina nákvæmlega þá annmarka sem það telur á umsókninni. Skal umsækjandi þá hafa tvær vikur til að bæta úr annmörkunum.

Skýring:

1. mgr. ákvæðisins eins og stendur í dag hljóðar svo: *Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi*. Breytingin gerir ráð fyrir tveir nýir málsliðir komi í stað núverandi síðari málsliðar, þannig að sú skylda hvíli á herðum FME að rökstyðja annmarka sem það telur á umsókn og að rökstudd krafa komi fram innan tveggja vikna. Umsækjandi hafi eftir það tvær vikur til að bæta úr. Gert er ráð fyrir að báðir þessir frestir, hjá FME og umsækjanda, teljist með í þeim hámarksfresti sem FME hefur til að senda tilkynningu um ákvörðun um veitingu starfsleyfis.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna (Synjun umsóknar):

- a) Í stað orðanna „móttöku fullbúinnar umsóknar“ í fyrri málslið kemur: móttöku umsóknar.
- b) Síðari málsliður fellur brott.

Skýring:

Ákvæðið fjallar um synjun starfsleyfis. Ljóst er að þeir sem hyggjast stofnsetja fjármálafyrirtæki hafa almennt lagt í miklar fjárhagslegar skuldbindingar þá þegar og umsókn um starfsleyfi er send inn. Brýnt er því að FME afgreiði slíkar umsóknir eins fljótt og kostur er. Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að FME hafi 3 mánuði frá móttöku fullbúinnar umsóknar til að senda frá sér ákvörðun um synjun, og að sá frestur geti framlengst um allt að 12 mánuði ef FME sjálf metur sem umsókn sé ekki fullnægjandi. Þar

sem skýrt liggur fyrir í lögum og reglum hvernig starfsleyfisumsókn eigi að vera útbúin og hvað geti valdið synjun, eru ekki rök fyrir að hægt sé að draga afgreiðslu slíkrar umsóknar meir en þrjá mánuði.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 21. gr. laganna (Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi):

- a) Orðin „sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi“ í lok 4. másl. falla brott.
- b) Á eftir 4. másl. koma tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Telji Fjármálaeftirlitið framkomna tilkynningu eða upplýsingar ekki fullnægjandi, skal það tilkynna umsækjanda þá afstöðu innan einar viku frá móttöku tilkynningarinnar og tilgreina nákvæmlega þá annmarka sem það telur á tilkynningunni. Skal umsækjandi þá hafa eina viku til að bæta úr annmörkunum.
- c) Orðið „fullnægjandi“ í 5. másl., sem verður 6. másl., fellur brott.

Skýring:

Lagt er til að í stað hins almenna opna orðalags í gildandi ákvæði, sem fjallar um hliðarstarfsemi, verði settar skýrari reglur um með hvaða hætti skuli standa að tilkynningu um hvernær umbeðnar upplýsingar eru ófullnægjandi og þann frest sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur til að bæta úr. Þeir frestir sem tilgreindir eru í nýjum 5. og 6. málslíð teljast með í þeim eins mánaðar hámarksfresti sem FME hefur samkvæmt greininni.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna (Tilkynning um stofnun útibús):

- a) Við 2. mgr. bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Telji Fjármálaeftirlitið framkomnar upplýsingar ekki fullnægjandi skal það láta tilkynnanda vita um þá afstöðu innan tveggja vikna og tilgreina nákvæmlega þá annmarka sem það telur á upplýsingunum. Skal tilkynnandi þá hafa tvær vikur til að bæta úr annmörkunum.
- b) Orðið „fullnægjandi“ í 2. másl. 4. mgr. fellur brott.

Skýring:

Ákvæðið leggjur skyldur á innlend fjármálafyrirtæki að tilkynna FME um stofnun útibús í öðru innan EES. Í tillögu til breytinga á 2. mgr. er lagt til að tilgreind verði skýr tímamörk sem FME hefur til að láta vita hvort innsend tilkynning teljist fullnægjandi og gerð krafa um rökstuðning fyrir því ef svo telst ekki vera. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi þá tvær vikur til að bæta úr annmörkunum. Breytingartillaga við 4. mgr. er tengd fyrrgreindri breytingu, en ákvæðið varðar þann frest sem FME hefur til að taka ákvörðun um að banna stofnun útibús skv. greininni. Rétt er að taka fram að 3. mgr. 36. gr. gerir ráð fyrir að FME hafi þrjá mánuði til að senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda í gistiríki. Breytingar á 2. mgr. hafar ekki áhrif á þennan þriggja mánaða hámarksfrest.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna (Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús):

- a) Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Telji Fjármálaeftirlitið framkomna tilkynningu ekki fullnægjandi skal það láta tilkynnanda vita um þá afstöðu innan einnar viku og tilgreina nákvæmlega þá annmarka sem það telur á tilkynningunni. Skal tilkynnandi þá hafa eina viku til að bæta úr annmörkunum.
- b) Við 3. mgr. bætist: og eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr

Skýring:

Breytingartillaga við 1. mgr. er samsvarandi breytingu á 2. mgr. 36. gr. laganna, nema þetta ákvæði fjallar um það þegar fjármálafyrirtæki hyggst veita þjónustu utan Íslands án stofnunar útibús. Breytingartillaga við 3. mgr. gerir ráð fyrir afdráttarlausum eins mánaðar fresti Fjármálaeftirlitsins til að taka ákvörðun um að leggja bann við fyrirætlun fjármálafyrirtækis að veita þjónustu innan EES eða EFTA-svæðis, á sama hátt og FME hefur einn mánuð skv. 2. mgr. til að kynna gistiríki samþykki sitt. Breytingar á 1. mgr. hafa ekki áhrif á þann hámarks eins mánaðar frest sem 2. og 3. mgr. mæla fyrir um.

15. gr.

Við 2. mgr. 38. gr. laganna (Starfsemi utan EES) bætist: og eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr.

Skýring:

Ákvæðið gerir ráð fyrir að FME verði settur skýr eins mánaðar frestur til að samþykkja eða synja fjármálafyrirtæki um að hefja starfsemi í ríki utan EES.

16. gr.

3. másl. 39. gr. laganna (Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki) orðast svo: . Fyrirtækinu skal tilkynnt rökstudd afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar

Skýring:

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að FME hafi einn mánuð til að senda frá sér samþykki eða synjun, með rökstuddum hætti, á því hvort fjármálafyrirtæki sé heimilt að kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki.

Á eftir 11. gr., sem verður 18. gr., kemur ný grein, svohljóðandi:

19. gr.

2. mgr. 43. gr. laganna (Afgreiðsla umsóknar) orðast svo:

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bærust upplýsingar skv. 41. gr. ásamt fylgigögnum. Telji Fjármálaeftirlitið framkomnar upplýsingar ekki fullnægjandi skal það tilkynna umsækjanda þá afstöðu innan einnar viku og tilgreina nákvæmlega þá annmarka sem það telur á upplýsingunum. Skal umsækjandi þá hafa eina viku til að bæta úr annmörkunum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan eins mánaðar telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

Skýring:

Ákvæðið varðar afgreiðslu FME á umsókn aðila til að eignast virkan eignarhlut, skv. 40. gr., laganna (sbr. og ráðgerða breytingu á því ákvæði skv. 11. gr. frumvarps.) Um breytingartillöguna vísast til skýringa með breytingum á tímafrestum við 6., 21., 36. og 37. gr. laganna

Við IV. kafla (brt. á l. nr. 34/1998)

Við 16. gr. (35. gr. laganna)

Vísað er til athugasemda SBV við 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins.

Við V. kafla (brt. á l. nr. 60/1994)

Við 17. gr. (39. gr. laganna)

Vísað er til athugasemda SBV við 12. gr. frumvarpsins.

Við 18. gr. (55. gr. laganna)

Vísað er til athugasemda SBV við 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins.

Við VI. kafla (brt. á l. nr. 131/1997)


Við 19. gr. (8. gr. laganna)

Athugasemdir SBV við 3. efnismgr. 3. gr. laganna eiga almennt við um þetta ákvæði.

Við 20. gr. (Gildistaka)

Ákvæðið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi þegar í stað. Bent er á að öðlist 11. og 12. gr. frumvarpsins (2. málsl. 1. mgr. 40. gr. og ný grein, sem verður 40. gr. a laga um fjármálafyrirtæki) lagagildi, er líklegt að það réttarástand skapist að eignarhald á minni fjármálafyrirtækum sem nú rúmast innan ramma gildandi laga verði skyndilega í andstöðu við lög. Brýnt er að þau fyrirtæki sem ekki falla undir lög um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, fái aðlögunartíma að breyttum lagareglum. Þannig telja SBV rétt að sett verði ákvæði til bráðabirgða á þann veg að teljist aðili nú vera í samstarfi við annan skv. 40. gr. a. laganna við gildistöku þeirra skuli hann ekki teljast vera í samstarfi við aðra aðila í skilningi ákvæðisins enda auki hann ekki hlut sinn í félaginu umfram það sem nú er. Er framangreind tillaga sambærileg við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti. SBV ítreka að samtökin treysta sér ekki á svo skömmum tíma til að gera úttekt á því hver raunveruleg áhrif breytingar skv. 12. gr. frumvarpsins yrðu.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri